



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um óafgreidd mál Flokks fólksins frá síðasta kjörtímabili

Þann 22. júní 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um óafgreidd mál Flokks fólksins á síðasta kjörtímabili:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að öll óafgreidd mál Flokks fólksins frá síðasta kjörtímabili, tillögur sem og fyrirspurnir komi til afgreiðslu hið fyrsta, nú þegar nýtt kjörtímabil er hafið. Allt of oft hafa mál verið orðin eldgömul og jafnvel margra ára gömul, þegar þau loks eru afgreidd í ráðinu.

Svar:

Kjörtímabilið 2018 – 2022 voru lagðar fram ríflega 130 fyrirspurnir og tillögur frá fulltrúum Flokks fólksins er snéru að velferðarsviði og velferðarráði.

Einungis einni fyrirspurn, sem lögð var fram í borgarráði 4. júlí 2019, hefur ekki verið svarað. Sú fyrirspurn snýr að afdrifum búsetuhúss en ekki hefur fengist niðurstaða í það mál.

Jafnframt eru fjórar tillögur frá 2020 sem vísað var til frekari og áframhaldandi meðferðar innan stjórnkerfisins.